



Akraneskaupstaður

Bæjarstjórn - 1294

FUNDARBOÐ

**1294. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti 16-18,
14. maí 2019 og hefst kl. 17:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 1904196 - Fjárhagsáætlun 2019 - viðaukar

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 27. apríl síðastliðinn viðauka nr. 1 við fjárhagsáætlun Akraneskaupstaðar 2019 vegna tímabilsins 1. janúar til 31. mars 2019.

Breytingar leiða til kr. 78.746.000 hækkunar á áætlaðri fjárfestingaráætlun A-hluta sem verður þá áætluð samtals 1.321.888.000 á árinu 2019. Breytingar leiða til kr. 6.800.000 lækkunar á handbæru fé sem verður þá áætlað samtals 414.979.000 á árinu 2019.

Viðaukanum er vísað til staðfestingar í bæjarstjórn Akraness.

2. 1809184 - Aðalskipulag Smiðjuvellir - breyting

Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Akraness 2005-2017 vegna iðnaðarsvæðisins að Smiðjuvöllum samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felst m.a. í að landnotkunarreitir A9 og A10 eru sameinaðir í reit A8 og skipulagsákvæðum breytt. Gert er ráð fyrir blandaðri landnotkun. Svæði I6 fyrir aðveitustöð rafveitu er fært til austurs í samræmi við orðinn hlut. Svæði V9 er leiðrétt til samræmis við afmörkun lóðar. Tillagan var auglýst frá 5. mars til og með 28. apríl 2019. Engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að aðalskipulagsbreytingin verði samþykkt sbr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og send Skipulagsstofnun til staðfestingar.

3. 1805071 - Deiliskipulag Smiðjuvalla - Smiðjuvellir 12-14-16-18-20-22

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Smiðjuvalla vegna lóðanna við Smiðjuvelli 12, 14, 16, 18, 20 og 22. Breytingin felst í að sameina lóðirnar við Smiðjuvelli 12-22 í eina lóð. Sameinuð lóð er ætluð fyrir léttan iðnað, þjónustu og skrifstofur. Tillagan var auglýst frá 5. mars til og með 28. apríl 2019, skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt, send Skipulagsstofnun til yfirferðar og auglýsing um gildistöku hennar birt í B-deild Stjórnartíðinda.

4. 1809183 - Aðalskipulag Flóahverfi breyting

Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Akraness 2005-2017 vegna Flóahverfis, sem auglýst var samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, frá 5. mars til og með 28. apríl 2019. Breytingin felst m.a. í að landnotkunarreitur A11 er stækkaður um 3,5 ha. Gróðurbeltum er breytt til samræmis, sýndar eru tengingar svæðisins við megin gatnakerfi og tenging við iðnaðarsvæði I15. Flutningslína raforku, jarðstrengur er sýndur norðan Akrafjallsveggar og austan Flóahverfis að sveitarfélagsmörkum. Engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að aðalskipulagsbreytingin verði samþykkt sbr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og send Skipulagsstofnun til staðfestingar.

5. 1807128 - Deiliskipulag Flóahverfi - endurskoðun

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Flóahverfis sem auglýst var frá 5. mars til og með 28. apríl 2019, skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felst í að gatnakerfið er stækkað, lóðastærðum breytt og lóðum fjölgað. Stígar umhverfis svæðið og gróðurbelti eru sýnd til leiðsagnar. Nýtingarhlutfalli lóða er breytt. Engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt, send Skipulagsstofnun til yfirferðar og auglýsing um gildistöku hennar birt í B-deild Stjórnartíðinda.

6. 1708227 - Deiliskipulag Akraneshöfn - aðalhafnargarður

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs, sem haldinn var þann 18. febrúar 2019, var fjallað um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Akraneshafnar sem var auglýst frá 18. október t.o.m. 30. nóvember 2018, samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Engar athugasemdir bárust. Skipulagsvæðið nær til hluta aðalhafnargarðs og felst breytingin m.a. í lengingu brimvarnargarðs, endurnýjun á eldri bryggju og öldudeygingu á milli aðalhafnargarðs og bátabryggju.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt, send Skipulagsstofnun til yfirferðar og auglýsing um gildistöku hennar birt í B-deild Stjórnartíðinda.

7. 1811010 - Deiliskipulag Akratorgsreits - Sunnubraut 17

Umsókn um viðbyggingu sem felst í að byggja eina hæð ofan á bílskúr sem byggður var 2004. Samþykki meðeigandi fylgir með. Nýtingarhlutfall lóðarinnar er 0,43 eftir breytingu væri nh. 0,47. Heimilt nýtingarhlutfall samkvæmt greinargerð deiliskipulags Arnardalsreits er 0,55. Grenndarkynnt var fyrir lóðarhöfum við Sunnubraut 14, 15, 16, 18, 19, 20, 21, 22 og 24, Skagabraut 2, 4, 6 og 8, Kirkjubraut 32 og Merkigerði 21. Engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt og send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Fundargerðir til kynningar

8. 1901005 - Fundargerðir 2019 - bæjarráð

3373. fundargerð bæjarráðs frá 26. apríl 2019.

9. 1901007 - Fundargerðir 2019 - skóla- og frístundaráð

104. fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 12. apríl 2019.

10. 1901006 - Fundargerðir 2019 - velferðar- og mannréttindaráð

104. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs frá 17. apríl 2019.

105. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs frá 8. maí 2019.

11. 1901008 - Fundargerðir 2019 - skipulags- og umhverfísráð

111. fundargerð skipulags- og umhverfísráðs frá 29. apríl 2019.

112. fundargerð skipulags- og umhverfísráðs frá 6. maí 2019.

Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri.